

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

*Alþingi
Erindi nr. P 141/1598
komudagur 15.2.2013*

Reykjavík, 15. febrúar 2013

Umsögn RÚV um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 – þskj. 631 – 490. mál

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis dags. 25. janúar sl. þar sem Ríkisútvarpinu („RÚV“) var veittur kostur á að skila inn umsögn um breytingu á lögum um fjölmiðla, þskj. 631 – 490. mál.

RÚV telur að „vatnaskilaákvæði“ í 28. grein laganna eigi að hefjast alla daga kl. 21 og standi til kl. 5 en ekki vera breytilegt eftir dögum eins og lagt er til. Í skýringum með núverandi lögnum er eftirfarandi m.a. tiltekið:

„Í A-lið er hins vegar lagt til að leitt verði í lög svokallað „vatnaskilaákvæði“ sem mælir fyrir um það að eftir kl. 21 á kvöldin virka daga og eftir kl. 22 á kvöldin um helgar og til kl. 5 á morgnana í báðum tilvikum sé heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að það sé auðkennt sem slíkt svo sem nánar er lýst í frumvarpsgreininni. Þykir skýrara að mæla fyrir um þetta með afdráttarlausum hætti og til þess fallið að skerpa á þeirri vernd sem ákvæðinu er ætlað að veita án þess þó að tjáningarfrelsi sé takmarkað með ótilhlýðilegum hætti. Rétt er að geta þess að sambærilegt ákvæði er að finna í löggjöf ýmissa nágrannaþjóða Íslands, svo sem í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi, og þykir það hafa gefist vel í framkvæmd.“

RÚV gerir ekki athugasemd við „vatnaskilaákvæði“ en telur að sama tímasetning, kl. 21, eigi að gilda alla daga vikunnar líkt og í löggjöf langflestna nágrannaþjóða Íslands. Ganga verði út frá því að hagsmunir barna séu þeir sömu hér á landi og í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.

Lagt er til að A-liður 2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo: „Eftir kl. 21 og til kl. 5 á morgnana er heimilt að miðla efni í línulegri dagskrá sem ekki er talið við hæfi barna að því tilskildu að á undan því sé birt skýr viðvörðun og það sé auðkennt með sjónrænu merki, þegar um miðlun myndefnis er að ræða, allan þann tíma sem efninu er miðlað.“

RÚV vekur jafnframt á því athygli að á sama tíma og strangar tímatakmarkanir eru í gildi um sýningar á bönnuðu efni í sjónvarpi er miklu skaðlegra myndefni aðgengilegt börnum á netinu án tímatakmarkana eða sérstakra auðkenna.

RÚV áskilur sér allan rétt til að koma að frekari athugasemdum, og eftir atvikum ítarlegri, þegar breytingatillögurnar verða ræddar á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. Ríkisútvarpsins


Bjarni Guðmundsson